

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2015/EES/55/03

frá 18. nóvember 2011

um að koma á reglum og reikniaðferðum til að sannreyna að staðið sé við markmiðin sem sett eru í 2. mgr. 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB

(tilkynnt með númeri C(2011) 8165)

(2011/753/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að tryggja skilvirka framkvæmd markmiðanna, sem sett eru í 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2008/98/EB, er rétt að skilgreina reglur um beitingu þessara markmiða.
- 2) Einnig er nauðsynlegt að ákvarða aðferðir við útreikning á hluta heimilis- og rekstrarúrgangs og úrgangs frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi, sem er undirbúinn fyrir endurnotkun, endurunninn eða efnislega endurheimtur, til að sannreyna og vakta að staðið sé við markmiðin sem sett eru í 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2008/98/EB.
- 3) Með a-lið 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2008/98/EB er aðildarríkjunum veittur tiltekinn sveigjanleiki að því er varðar strauma heimilis- og rekstrarúrgangs sem markmiðunum er beitt um. Þó þykir rétt að skilgreina ýmsa valkosti fyrir aðildarríkin til að skýra nánar beitingu þess að sannreyna í reynd að staðið sé við þessi markmið.
- 4) Til að forðast aukið stjórnsýsluálag ætti að nota gögn úr hagskýrslum um úrgang, sem tilkynnt er um samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2150/2002 frá 25. nóvember 2002 um hagskýrslur um úrgang ⁽²⁾, eins og framast er unnt til að sannreyna að staðið sé við markmiðin sem sett eru í 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2008/98/EB.
- 5) Ef úrgangur er fluttur út úr Sambandinu og áreiðanlegar sannanir eru fyrir því að undirbúningur fyrir endurnotkun, endurvinnslu eða endurheimt hafi farið fram við skilyrði sem eru jafngild þeim sem lýst er í löggjöf Sambandsins

ætti að taka tillit til þessa úrgangs þegar sannreynt er að staðið sé við markmiðin sem sett eru í 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

- 6) Nauðsynlegt kann að reynast að endurskoða þessa ákvörðun ef gripið er til aðgerða til að styrkja markmiðin eða ef sett eru markmið fyrir aðra strauma úrgangs.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 39. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Til viðbótar við þær skilgreiningar, sem mælt er fyrir um í 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB, gilda eftirfarandi skilgreiningar í þessari ákvörðun:

- 1) „húsaorp“: úrgangur frá heimilum,
- 2) „svipaður úrgangur“: úrgangur sem vegna eðlis síns og samsetningar er sambærilegur húsaorpi, að undanskildum úrgangi úr framleiðslu og úrgangi úr landbúnaði og skógrækt,
- 3) „heimilis- og rekstrarúrgangur“: húsaorp og svipaður úrgangur,
- 4) „úrgangur frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi“: úrgangur sem svarar til úrgangskóðanna í 17. kafla viðaukans við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB ⁽³⁾, að undanskildum hættulegum úrgangi og náttúrulegum efnivið eins og skilgreint er í flokki 17 05 04,
- 5) „endurnýting efnis“: hvers kyns endurnýtingaraðgerð, að undanskilinni endurnýtingu orku og endurvinnslu í efniviði sem á að nota sem eldsneyti,
- 6) „fylling“: endurnýtingaraðgerð þar sem hentugur úrgangur er endurnýttur á graftarsvæðum eða á tæknilegan hátt við landmótun og þar sem úrgangurinn er staðgönguefni fyrir efniviði sem eru ekki úrgangsefni.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 310, 25.11.2011, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 240/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52, 3.9.2015, bls. 46.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 332, 9.12.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3.

2. gr.

Almennar kröfur

Í því skyni að sannreyna að staðið sé við markmiðin sem sett eru í 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2008/98/EB gilda eftirfarandi reglur:

- 1) Aðildarríkin skulu sannreyna að staðið sé við markmiðin sem sett eru í 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2008/98/EB með því að reikna út þyngd úrgangsstraumanna sem myndast og úrgangsstraumanna sem eru undirbúnir fyrir endurnotkun, endurunir eða hafa farið í aðra endurnýtingu efnis á fyrsta almanaksárinu.
- 2) Þyngd úrgangsins, sem er undirbúinn fyrir endurnotkun, enduruninn eða efnislega endurheimtur, skal ákvörðuð með því að reikna út ílagsúrganginn sem er notaður við undirbúning til endurnotkunar eða í endanlega endurvinnslu eða aðra endanlega endurnýtingu efnis. Undirbúningsaðgerð áður en úrgangur er settur í endurnýtingar- eða förgunar- aðgerð er ekki endanleg endurvinnsla eða önnur endanleg endurnýting efnis. Ef úrgangi er safnað sérstaklega eða ef framleiðsla sem fer út frá flokkunarstöð er send í endurvinnslu eða aðra endurnýtingu efnis án umtalsverðs taps má líta á þennan úrgang sem þyngd úrgangs sem er undirbúinn fyrir endurnotkun, enduruninn eða hefur farið í aðra endurnýtingu efnis.
- 3) Magn úrgangs sem er undirbúinn fyrir endurnotkun skal talið með í magni endurunns úrgangs og skal ekki greina sérstaklega frá því.
- 4) Ef úrgangur er sendur í undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu eða aðra endurnýtingu efnis í öðru aðildarríki má einungis telja hann með í markmiðum aðildarríkisins þar sem honum var safnað.
- 5) Ef úrgangur er fluttur út frá Sambandinu til undirbúnings fyrir endurnotkun, endurvinnslu eða annarrar endurnýtingar efnis skal því aðeins telja hann sem tilbúinn til endurnotkunar, enduruninn eða að hann hafi farið í aðra endurnýtingu efnis ef áreiðanlegar sannanir sýna að sendingin er í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 ⁽⁴⁾, einkum 2. mgr. 49. gr. hennar.
- 6) Ef markmiðsútreikningum er beitt á loftháða eða loftfirra meðhöndlun á lífbrjótanlegum úrgangi er heimilt að telja ílagið í loftháðu eða loftfirru meðhöndlunina sem endurunnið ef meðhöndlunin myndar moltu eða meltu sem er notuð, í kjölfar hvers kyns endurvinnslu sem þörf er á, sem endurunin afurð, efniviður eða efni til meðhöndlunar í jarðvegi sem hefur í för með sér ábata fyrir landbúnað eða vistfræðilegar úrbætur.

3. gr.

Heimilis- og rekstrarúrgangur

1. Í því skyni að sannreyna að staðið sé við markmiðin um heimilis- og rekstrarúrgang, sem sett eru í a-lið 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2008/98/EB, skulu aðildarríkin beita markmiðunum á eitt af eftirfarandi:
 - a) undirbúning fyrir endurnotkun og endurvinnslu á pappír, málm, plasti og gleri úr húsasorpi,
 - b) undirbúning fyrir endurnotkun og endurvinnslu á pappír, málm, plasti og gleri úr húsasorpi og öðrum stökum tegundum húsasorps eða á svipuðum úrgangi af öðrum uppruna,
 - c) undirbúning fyrir endurnotkun og endurvinnslu á húsasorpi,
 - d) undirbúning fyrir endurnotkun og endurvinnslu á heimilis- og rekstrarúrgangi.
2. Markmiðið á við um heildarmagn úrgangs í úrgangsstraumum í þeim valkosti sem aðildarríkið hefur valið skv. 1. mgr. þessarar greinar.
3. Aðildarríkin skulu beita reikniáðferðinni, sem sett er fram í I. viðauka við þessa ákvörðun, sem svarar til valkostarins sem aðildarríkið valdi skv. 1. mgr.
4. Framkvæmdaskýrslur aðildarríkjanna um heimilis- og rekstrarúrgang skulu uppfylla sértækar kröfur sem settar eru fram í I. og II. viðauka.
5. Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um valkostinn sem er valinn skv. 1. mgr. þessarar greinar í fyrstu framkvæmdaskýrslunni sem um getur í 1. mgr. 37. gr. tilskipunar 2008/98/EB.
6. Aðildarríki er heimilt að breyta valkostinum fram að framlagningu framkvæmdaskýrslunnar, sem tekur til ársins 2020, að því tilskildu að það geti tryggt samræmi í gögnum sem gefin er skýrsla um.

4. gr.

Úrgangur frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi

1. Að því er varðar útreikning á markmiðinu sem sett er í b-lið 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2008/98/EB, að því er varðar úrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi, skulu aðildarríkin beita reikniáðferðinni sem sett er fram í III. viðauka við þessa ákvörðun.
2. Framkvæmdaskýrslur aðildarríkjanna um úrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi skulu uppfylla sértækar kröfur í III. viðauka.
3. Greina skal frá magni úrgangs, sem notað er í fyllingaraðgerðir, á aðskilinn hátt frá magni úrgangs sem er undirbúinn fyrir endurnotkun eða endurunnið eða notað í aðra endurnýtingaraðgerð efniviðar. Einnig skal greina frá uppvinnslu úrgangs í efnivið, sem á að nota í fyllingaraðgerðir, sem fyllingu.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1.

5. gr.

Skýrslugjöf aðildarríkjanna

1. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um árangur sinn, að því er varðar að ná markmiðunum sem sett eru í 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2008/98/EB, með framkvæmdaskýrslunni sem um getur í 37. gr. tilskipunarinnar.
2. Aðildarríkin skulu leggja fram gögn í framkvæmdaskýrslunum sem varða stöðu undirbúnings fyrir endurnotkun, endurvinnslu og endurnýtingu efniviðar í viðkomandi úrgangstraumum, annaðhvort fyrir hvert ár þriggja ára skýrslutímabilsins eða fyrir ár skýrslutímabilanna sem mælt er fyrir um í 5. þætti I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2150/2002.
3. Í framkvæmdaskýrslunni sem tekur til ársins 2020 skulu aðildarríkin sýna fram á að markmiðunum, sem sett eru í 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2008/98/EB, sé náð að því er varðar magn viðkomandi úrgangstrauma sem voru myndaðir og endurnir eða endurheimtir á árinu 2020.

4. Aðildarríkin skulu senda gögn og lýsigögn, sem krafist er samkvæmt þessari ákvörðun, til framkvæmdastjórnarinnar á rafrænu formi með staðli um gagnaskipti sem Hagstofa Evrópusambandsins kom á fót.

6. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. nóvember 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

AÐFERDIR VIÐ ÚTREIKNING Á MARKMÖÐI FYRIR HEIMILIS- OG REKSTRARÚRGANG SKV. 3. MGR. 3. GR. ÞESSARAR ÁKVÖRDUNAR

Valkostur sem um getur í 1. mgr. 3. gr. þessarar ákvörðunar	Reikniðferð	Sérstækar kröfur varðandi framkvæmdaskýrslur aðildarríkis
Undirbúningur fyrir endurnotkun og endurvinnslu á pappír, málm, plasti og gleri úr húsasorpi	Reikniðferð 1 Endurvinnsluhlutfall pappírs, málm, plast og glers í húsasorpi, í % = $\frac{\text{Endurunnin mogn pappírs, málm, plast og glers í húsasorpi}}{\text{Heildarmagn sem hefur myndast af pappír, málm, plasti og gleri í húsasorpi}}$	Aðildarríkin skulu nota landsöggn. Hægt er að nota gögn úr öðrum skuldbindingum um skýrslugjöf vegna úrgangs og laga þau að landsbundnum skilyrðum. Aðildarríkin skulu leggja fram skýrslu ásamt gögnunum þar sem útskýrt er hvernig magnið, sem myndaðist og var endurunnið, var reiknað út og hvernig þetta magn tengist gögnum um húsasorp sem á að gefa skýrslu um samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2150/2002.
Undirbúningur fyrir endurnotkun og endurvinnslu á pappír, málm, plasti og gleri úr húsasorpi og öðrum stökum tegundum húsasorps eða svipuðum úrgangi	Reikniðferð 2 Endurvinnsluhlutfall húsasorps og svipaðs úrgangs, í % $\frac{\text{Endurunnin mogn pappírs-, málm-, plast- og glerúrgangs og aðrir stakir úrgangsstraumar frá heimilum eða svipaðir úrgangsstraumar}}{\text{Heildarmagn pappírs-, málm-, plast- og glerúrgangs sem myndast og aðrir stakir úrgangsstraumar frá heimilum eða svipaðir úrgangur}}$	Aðildarríkin skulu nota landsöggn. Hægt er að nota gögn úr öðrum skuldbindingum um skýrslugjöf vegna úrgangs og laga þau að landsbundnum skilyrðum. Aðildarríkin skulu leggja fram skýrslu ásamt gögnunum þar sem útskýrt er hvaða efniviður fellur þar undir, frá hvaða starfsemi hann kemur með því að merkja í viðeigandi reiti í töflunni í II. viðauka við þessa ákvörðun og hvernig magnið sem myndaðist og var endurunnið var reiknað út. Ef aðildarríki telur heimamyllaðan úrgang með í útreikningnum skal það útskýra hvernig magnið sem myndaðist og var endurunnið var reiknað út. Í skýrslunni skal einnig útskýra hvernig þetta magn tengist gögnum um húsasorp og aðra atvinnustarfsemi sem gefa skal skýrslu um samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2150/2002.
Undirbúningur fyrir endurnotkun og endurvinnslu á húsasorpi	Reikniðferð 3 Endurvinnsluhlutfall húsasorps í % $\frac{\text{Endurunnin mogn húsasorps}}{\text{Heildarmagn húsasorps að undanskildum tilteknum flokkum úrgangs}}$	Aðildarríkin skulu nota landsöggn til að greina frá magni endurunnins húsasorps. Aðildarríkin skulu leggja fram skýrslu ásamt gögnunum þar sem útskýrt er hvaða efniviður fellur þar undir með því að merkja í viðeigandi reiti í töflunni í II. viðauka við þessa ákvörðun og hvernig magnið sem var endurunnið var reiknað út. Í skýrslunni skal einnig útskýra hvernig þetta magn tengist gögnum um húsasorp og aðra atvinnustarfsemi sem gefa skal skýrslu um samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2150/2002. Draga skal heildarmagn húsasorps frá gögnunum sem gefa skal skýrslu um samkvæmt lið 1.2 í 8. þætti I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2150/2002. Úrgangur með eftirtalda úrgangskóða skal undanskilinn útreikningunum: 08.1. — Aflöð ökutæki 11–13 — Eðja og jarðefnaúrgangur
Undirbúningur fyrir endurnotkun og endurvinnslu á heimilis- og rekstrarúrgangi	Reikniðferð 4 Endurvinnsla heimilis- og rekstrarúrgangs, í % = $\frac{\text{Endurunninn heimilis- og rekstrarúrgangur}}{\text{Endurnýttur heimilis- og rekstrarúrgangur}}$	Aðildarríkin skulu byggja á hagskýrslugögnum um heimilis- og rekstrarúrgang sem framkvæmdastjórnir fær árlega skýrslu um (Hagstofa Evrópusambandsins).

II. VIÐAUKI

EFNIVÍÐUR HEIMILIS- OG REKSTRARÚRGANGS OG VIÐEIGANDI MYNDUNARSTADIR VEGNA REIKNIAÐFERDA 1, 2 OG 3 Í I. VIÐAUKA

Úrgangsefni	Úrgangskóði samkvæmt ákvörðun 2000/532/EB	Myndað af				Annað (tilgreinið)
		Heimili	Litli fyrirtæki	Veitingahús, mótuneyti	Almenningssvæði	
Pappír og pappi	20 01 01, 15 01 01					
Málmar	20 01 40, 15 01 04					
Plast	20 01 39, 15 01 02					
Gler	20 01 02, 15 01 07					
Lífbrjótanlegur úrgangur frá eldhúsum og mótuneytum	20 01 08	Tilgreinið hvort heimamyldaður úrgangur er talinn með:				
Lífbrjótanlegur úrgangur úr gördum og almenningsgördum	20 02 01					
Ólífbrjótanlegur úrgangur úr gördum og almenningsgördum	20 02 02, 20 02 03	Tilgreinið hvort heimamyldaður úrgangur er talinn með:				
Timbur	20 01 38, 15 01 03					
Textílefni	20 01 10, 20 01 11, 15 01 09					
Rafgeymar	20 01 34, 20 01 33*					
Aflaður búnaður	20 01 21*, 20 01 23*, 20 01 35*, 20 01 36					
Annar heimilis- og rekstrarúrgangur	20 03 01, 20 03 02, 20 03 07, 15 01 06					
Heimilis- og rekstrarúrgangur sem ekki er getið hér að framan (tilgreinið)						

III. VIÐAUKI

AÐFERÐIR VIÐ ÚTREIKNING Á MARKMÍÐI FYRIR ÚRGANG FRÁ BYGGINGAR- OG NIÐURRISSTARFSEMI SEM UM GETUR Í 1. MGR. 4. GR. ÞESSARAR ÁKVÖRDUNAR

Reiknaðferð	Sértekar kröfur varðandi framkvæmdaskýrslur aðildarríkis
<p>Endurnýtingarhlutfall úrgangs frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi, í % =</p> <p><u>Efnislega endurheimt magn úrgangs frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi</u></p> <p><u>Heildarmagn úrgangs frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi</u></p>	<p>1) Skýrslugjöf um efnislega endurheimt magn úrgangs frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi (deilistofn formúlunnar) skal einungis ná yfir eftirfarandi kóða í viðaukanum við ákvörðun 2000/532/EB:</p> <p>Skrá yfir úrgang, 17. kafli – Úrgangur frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi:</p> <p>17 01 01, 17 01 02, 17 01 03, 17 01 07, 17 02 01, 17 02 02, 17 02 03, 17 03 02, 17 04 01, 17 04 02, 17 04 03, 17 04 04, 17 04 05, 17 04 06, 17 04 07, 17 04 11, 17 05 08, 17 06 04, 17 08 02, 17 09 04</p> <p>Skrá yfir úrgang, undirkafli 19 12 – Úrgangur frá vélrænni meðhöndlun úrgangs, (t.d. flokkun, mulningur, þjóppun, köggln), ef hann myndast við meðhöndlun úrgangs frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi:</p> <p>19 12 01, 19 12 02, 19 12 03, 19 12 04, 19 12 05, 19 12 07, 19 12 09</p> <p>Aðildarríkin skulu útskýra, í skýrslu sem leggja skal fram ásamt gögnumum, hvernig komist er hjá tvítalningu úrgangs.</p> <p>2) Greina skal frá myndun úrgangs frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2150/2002 (nefnarinn í formúlunni) sem inniheldur:</p> <p>a) úrgang sem myndast samkvæmt bálki F í kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, 2. endurskoðun, eins og getið er í lið nr. 17 í 8. þætti I. viðauka við þá reglugerð, og samanstandur af eftirfarandi úrgangskóðum eins og skilgreint er í 2. þætti I. viðauka við þá reglugerð:</p> <p>06.1. – Málmúrgangur, inniheldur járn</p> <p>06.2. – Málmúrgangur, inniheldur aðra málma en járn</p> <p>06.3. – Málmúrgangur, blandaður</p> <p>07.1. – Glerúrgangur</p> <p>07.4. – Plast</p> <p>07.5. – Timbur</p> <p>b) flokkur úrgangs samtals (öll atvinnustarfsemi):</p> <p>— Jarðefnaúrgangur frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi</p> <p>eins og skilgreint er í III. viðauka við þá reglugerð.</p> <p>3) Aðildarríkin mega einnig gefa skýrslu um endurvinnslu og endurnýtingu efnis úr úrgangi frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi á grundvelli eigin skýrslugjafarkerfis. Í því tilvik skulu þau leggja fram skýrslu ásamt gögnumum þar sem útskýrt er hvaða efniviður fellur þar undir og hvernig gögnin tengjast gögnum um úrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi sem gefa skal skýrslu um samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2150/2002. Ef gögn, sem byggjast á skýrslugjafarkerfi aðildarríkis, eru nákvæmari en gögð eru frá fram samkvæmt þeirri reglugerð skal meta hvort staðið er við markmiðið á grundvelli gagna úr skýrslugjafarkerfi aðildarríkisins.</p>